

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 4. mars 2025  
Mál nr. 2502067

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, mál nr. S-32/2025 í Samráðsgátt stjórnvalda.

Á 1239. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 3. mars 2025 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

*Á árinu 2023 var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sem ekki náði fram að ganga. Frumvarpið hefur nú verið lagt fram að nýju með nokkrum breytingum.*

*Byggðarráð Húnaþings vestra vill byrja á því að fagna allri vinnu sem miðar að því að auka gegnsæi og fyrirsjáanleika í ráðstöfun fjármuna Jöfnunarsjóðs. Hins vegar getur ráðið ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því að það var lagt fram árið 2023. Þegar frumvarpið var lagt fram það ár hafði það ekki í för með sér breytingu á framlögum Húnaþings vestra. Þegar þær breytingar sem gerðar hafa verið nú eru skoðaðar kemur í ljós að framlög til Húnaþings vestra munu lækka um riflega 38 milljónir á ári. Byggðarráð fær illa séð hvernig sú lækkun kemur heim og saman við stöðu sveitarfélagsins ef litið er til atvinnutekna í sveitarfélaginu sem eru þær þriðju lægstu á landinu skv. mælaborði Byggðarstofnunar. Lágar atvinnutekjur þýða lágt útsvar enda eru útsvarstekjur pr. íbúa í Húnaþingi vestra með því lægsta sem gerist á landinu. Þó endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs hafi verið orðin brýn verður að hafa hugfast að hlutverk sjóðsins er að „jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum“. Byggðarráð leggur því til að atvinnutekjur í sveitarfélögum fái vægi í útreikningum sjóðsins þar sem þær hafa bein áhrif á tekjustofna þeirra.*

*Byggðarráð tekur undir þá tillögu sem fram kemur í 13. grein frumvarpsins um að vannýting útsvars leiði til lækkunar framlaga úr Jöfnunarsjóði.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við innviðaráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Elín Jóna Rósineberg, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs